

FUNDARGERÐ UMHVERFISMÁLARÁÐS BOLUNGARVÍKUR

Fundur var haldinn í umhverfismálaráði Bolungarvíkurkaupstaðar þriðjudaginn 17. ágúst 2010, kl. 17.00 í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Sölvi Rúnar Sólbergsson, formaður, Sunna Reyf Sigurjónsdóttir, Roland Smelt, Arnþór Jónsson, Hafþór Gunnarsson og Gísli Gunnlaugsson, byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn kl. 17.00.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Tillaga að Aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008 – 2020.

Á fundi bæjarráðs 11. ágúst s.l. var vísað til umhverfismálaráðs bréfi frá Skipulagsstofnun, dagsettu 28. júlí s.l. Í bréfinu koma fram athugasemdir vegna tillögu að Aðalskipulagi sem stofnunin fer fram á að verði lagfærðar áður en tillagan verður auglýst.

Erindið lagt fram og samþykkt að vísa athugasemdunum til skipulagsarkitektst til frekari úrvinnslu.

2. Viðbætur við snjóflóðavarnir í Bolungarvík.

Með bréfi dagsettu 4. ágúst 2010 tilkynnir Skipulagsstofnun ákvörðun sína um matsskyldu framkvæmdarinnar. Niðurstaðan er að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Erindið kynnt. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er í samræmi við álit umhverfismálaráðs frá 20. júlí s.l.

3. Ratsjárstöðin á Bolafjalli.

Borist hefur bréf frá Varnarmálastofnun Íslands þar sem settar eru fram ákveðnar óskir um að í greinargerð með endurskoðuðu aðalskipulagi komi fram fyrirvarar um nýtingu svæðisins við Bolafjall.

Umhverfismálaráð fellst á að taka þurfi tillit til starfsemi ratsjárstöðvarinnar á Bolafjalli við landnotkun í næsta nágrenni við stöðina. Erindinu vísað til frekari úrvinnslu skipulagsarkitekts.

4. Erindi Alberts Guðmundssonar, Fjárborgir.

Tekið fyrir að nýju erindi Alberts Guðmundssonar þar sem hann sækir um leyfi til að byggja við Fjárborg (fjárhús) í Minni Hlíð í Tungudal. Einnig óskar Albert eftir stækkun á lóð við vesturhlíð fjárhússins eins og fyrra skipulag gerir ráð fyrir. Erindið var áður á dagskrá 20. júlí s.l.

Stækkun fjárhússins samþykkt enda skili umsækjandi inn fullnægjandi byggingar-nefndarteikningum og afstöðumynd. Ósk umsækjanda um stækkun lóðar er vísað til frekari skoðunar hjá byggingarfulltrúa.

5. Önnur mál.

a. Sólballur við Bakkastígur 9.

Kynnt erindi þar sem sótt er um heimild til að reisa sólball við Bakkastíg 9 og byggingarfulltrúi hafði áður samþykkt.

Umhverfismálaráð staðfestir samþykki byggingarfulltrúa.

b. Meira Hraun Skálavík.

Borist hefur erindi til Bolungarvíkurkaupstaðar frá meðeigendum að jörðinni Meira Hraun í Skálavík að jörðinni verði skipt upp milli eigenda. Kaupstaðurinn á 2/3 hluta jarðarinnar en bréfitarar 1/3.

Erindið kynnt. Umhverfismálaráð leggur til að útlínur jarðarinnar verði hnitsettar áður en farið verður í skipti hennar.

c. Fjallskil.

Fjallað um fjallskilalista og hann samþykktur. Miðað er við að fyrri leitir verði 18. september n.k. Rætt um fyrirkomulag réttarmála í Tungudal og nauðsyn þess að finna varanlega lausn á þeim.

d. Einarshús.

Erindi frá Einarshúsi ehf. þar sem sótt er um leyfi til að setja upp aulýsingaskilti við Þuríðarbraut, mitt á milli Mávakambs og Grundargarðs.

Erindið samþykkt enda verði skiltið staðsett í samráði við byggingarfulltrúa.

6. Skoðunarferð.

Í lok fundar var farið í skoðunarferð um bæinn. Bókun ferðarinnar verður færð inn í fundargerð næsta fundar.

Fundi slitið kl. 20.00.

Sölvi Rúnar Sólbergsson

Sunna Rey Sigurjónsdóttir

Arnþór Jónsson

Roland Smelt

Hafþór Gunnarsson

Gísli Gunnlaugsson, byggingarfulltrúi